

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um lögbundin verkefni Miðstöðvar íslenskra bókmennta.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Miðstöð íslenskra bókmennta?*

Viðfangsefni Miðstöðvar íslenskra bókmennta skv. 2. gr. laga nr. 91/2007, um bókmenntir, er að:

- a. styrkja útgáfu íslenskra ritverka og útgáfu erlendra bókmennta á íslenskri tungu með fjárframlögum úr bókmenntasjóði, sbr. 4. gr. laganna,
- b. kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að útbreiðslu þeirra og
- c. efla bókmenningu á Íslandi.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Miðstöðvar íslenskra bókmennta og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Kostnaður við hvert lögbundið verkefni er ekki tilgreindur í fjárlögum heldur er gerð grein fyrir fjárheimildum vegna hvers málefnasviðs og málaflokks. Starfsemi Miðstöðvar íslenskra bókmennta fellur undir málefnasvið 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál og málaflokk 18.30 Menningarsjóðir. Í fjárlögum fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir 110,5 millj. kr. heildarframlagi til miðstöðvarinnar. Framlag til miðstöðvarinnar á fjárlögum fyrir árið 2019 var 110,5 millj. kr. auk annarra tekna að fjárhæð 13,8 millj. kr. Miðstöðin hafði því samtals til ráðstöfunar á árinu 2019 124,3 millj. kr. Af því fóru 84,1 millj. kr. í heildarúthlutun styrkja og 27,5 millj. kr. í rekstrarkostnað. Annar kostnaður hjá miðstöðinni er vegna ýmiss konar kynningarstarfs innan lands og utan og útgáfu.